

Tímabundið starfsleyfi fyrir 13. dags jóla brennu 6. janúar 2019

Leyfishafi; Sveitarfélagið Garðabær kt. 570169 – 6109
Skátafélagið Svanir kt. 680385 - 0849

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur mótttekið umsókn Jóhönnu Aradóttur dags. 23.11.2018 f.h. Sveitarfélags Garðabæjar kt. 570169 – 6109 um tímabundið starfsleyfi vegna þrettándabrennu sem halda á þann 6. janúar 2019.

Umbeðið leyfi er veitt fyrir ofanskráða starfsemi með vísan í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og lið 10.6 um brennur þar sem ætla má að bruni standi yfir í meira en tvo tíma í viðauka X við sömu reglugerð og með vísun í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Ábyrgðarmaður:

Jóhanna Aradóttir; gsm: 847-0895, kt: 030577-4189, johanna@svanir.is

Staðsetning: Nærri ströndinni norðan við Gesthús á Álftanesi
(á sama stað og undanfarin ár)

Gildis- og ábyrgðarsvið:

Leyfið tekur til áramótabrennu með ofangreinda staðsetningu þann 06.01.2019 með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, sem og lögum og reglugerðum um meðferð elds og varir gegn gróðureldum og lögum og reglugerðum um meðhöndlun úrgangs, lögreglusamþykktum og neðangreindum skilyrðum:

Skilyrði:

- 1) Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi sýslumanns höfuðborgarsvæðisins liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn Slökkviliðs.
- 2) Veitt er leyfi fyrir allt að 200 m³ að stærð enda sé stærð hennar í samræmi við IV. kafla (bálkestir) í reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varir gegn gróðureldum. Óheimilt er að kveikja í brennuni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 3) Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Í úrgangsolíu geta verið hættuleg spilliefni. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrstalagi einum klukkutíma áður en kveik er í.
- 4) Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 5) Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmiefni (s.s. plastkassar, fiskkör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 6) Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 25. gr. í reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.
- 7) Leyfishafi skal sjá um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins.
- 8) Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilin er réttur til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir því
að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

Garðabær; 28.11.2018

